

Ár 2002 föstudaginn 1. nóvember er fyrir tekið mál nr. 4/2002 af Bergþóru Sigmundsdóttur dómsformanni Dómstóls HSÍ í skrifstofu HSÍ að Engjavegi 6, Reykjavík og kveðinn upp úrskurður:

Kæra handknattleiksdeildar Hauka, kt. 670281-0279, Íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum á framkvæmd leiks Þórs og Hauka er hófst kl.17:00 þann 27. október 2002, dags. 28. október 2002 og móttækin á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 16:48.

Málsatvik:

Kæra handknattleiksdeildar Hauka byggir á því að mistök hafi orðið við framkvæmd á leik Þórs og Hauka þann 27. október 2002 og hafi átta leikmenn Þórs verið inn á leikvöllinum á einhverju tímabili. Þjálfari Hauka hafi vakið athygli tímavarða og dómara á mistökunum, án árangurs.

Niðurstaða dómsformanns:

Samkvæmt 2. tl. 7. gr. laga um Dómstóla HSÍ (hér eftir dómstl.) skal dómsformaður svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. gr. geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir ágallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Samkvæmt dómi Áfrýjunardómstóls HSÍ í málinu nr. 1/2002, skal gera þær kröfur við málsmeðferð dómstóls HSÍ að í öllum aðalatriðum sé farið eftir viðurkenndum meginreglum réttarfars.

Í 2. tl. 6. gr. dómstl. er tilgreint í 9 töluliðum hvaða form og efni kæra þarf að uppfylla til þess að mál verði tekið til meðferðar hjá Dómstóli HSÍ.

Í kæru handknattleiksdeildar Hauka er ekki vísað til þeirra lagareglna sem við eiga til stuðnings dómkröfum, sbr. 6. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., ekki er tilgreint hvern er verið að kæra, sbr. 2. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., lýsing á helstu röksemdum er áfátt, sbr. 7. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á er áfátt, sbr. 8. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl., engin fylgigögn fylgja kærinni, ekki er upptalið hvaða vitni kærandi mun kalla til við skýrslutöku, sbr. 9. tl. 2. tl. 6. gr. dómstl.

Kæra handknattleiksdeildar Hauka var ekki lögð fram í tveimur eintökum eins og áskilið er, sbr. 3. mgr. 6. gr. dómstl. Þá er framlagt skjal ekki þingmerkt.

Slíkir gallar eru því á kæru handknattleiksdeildar Hauka að vísa verður málinu frá dómi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kæru handknattleiksdeildar Hauka á framkvæmd leiks Þórs og Hauka er vísað frá dómi.

Bergþóra Sigmundsdóttir, dómsformaður